



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 2. fundur stjórnar KLÍ, 2013-2014
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Fimmtudagur 06.06.2013 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Jón Grímsson (JG)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
- Boðuð forföll:** Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** HRS

Helstu mál: Fundargerð síðasta fundar. Gjaldskrá KLÍ 2013-14. Styrkbeiðnir. Nefndir KLÍ. Önnur mál.
--

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Engar athugasemdir gerðar við síðustu fundargerð og er hún samþykkt.

2. Gjaldskrá KLÍ 2013-14:

ÞMP lagði fram gjaldskrá fyrir næsta leikár. Gjaldskráin hækkar lítillega frá síðasta ári, en hækkan er á keppnisgjaldi fyrir einstakling úr 3000.- í 3500.-. Þáttökugjöld fyrir liðakeppni verður óbreytt að undanskildu því að ekki verða veittir afslættir frá gjaldskrá eins og hefur verið. Gjald fyrir Íslandsmót liða verður því 15.000,- og bikar og deildarbikar kosta 5.000,- og engar breytingar gerðar á öðrum gjöldum og var gjaldskráin samþykkt samhljóða.

3. Styrkbeiðnir:

Hafrór Harðarson óskar eftir styrk vegna þátttöku í móti í Álaborg, en það er hluti af Evrópumótaröðinni. Samþykkt var að styrkja hann um sem nemur einu starti, eða 120€ og mun JG sjá um að ganga frá því.

4. Nefndir KLÍ:

Farið var yfir tilnefningar í nefndir KLÍ og komu tillögur um nefndarmenn frá ÍR og KR.

Mótanefnd: Andrés Haukur Hreinsson formaður og LHM, Andrés mun finna fleira fólk til að starfa í nefndinni með þeim.

Aganefnd: Bragi Már Bragason og óskað verður eftir því að hann taki að sér formennsku í nefndinni og finni fólk til að starfa í nefndinni með sér. ÞMP ræðir við Braga.

Unglinganefnd: Unnur Vilhjálmsdóttir og óskað verður eftir því að hún taki að sér formennsku í nefndinni og finni fólk til að starfa í nefndinni með sér. ÞMP ræðir við Unni.

Landsliðsnefnd: IGS formaður og með honum verða JG, Sigurður E. Ingason og Valgeir Guðbjartsson. ÞMP mun athuga með fimmta mann í nefndina.

Tækninefnd: HRS formaður og með honum Snorri Harðarson og til vara Þorleifur Jón Hreiðarsson. HRS mun finna fleiri til að starfa í nefndinni.

Upplýsinganefnd: Sigríður Klemensdóttir formaður og mun hún velja sér fólk til samstarfs.

Endurskoðun reglna: Gunnar Þór Ásgeirsson og ÞMP mun ræða við hann um að taka að sér formennsku og finna sér samstarfsmenn í nefndina.

Dómaranefnd: Reynir Þorsteinsson og Þórir Ingvason og munu þeir skipta með sér störfum og finna sér samstarfsmenn í nefndina ef þarf.

5. Önnur mál:

Refsistig:

ÞMP upplýsti fundinn um að Stefán Claessen hafi fengið refsistig vegna þess hversu seint hann afboðaði þátttöku í EBT 2013 Tournament í Álaborg. KLÍ gerir engar athugasemdir við refsinguna meðan engar skýringar koma frá Stefáni vegna málsins, en óskað hefur verið eftir skýringum frá honum.

Afreksstefna KLÍ:

ÞMP leggur til að Landsliðsnefnd útbúi afreksstefnu fyrir KLÍ þar sem engin afreksstefna er til hjá KLÍ. Þessi vöntun á afreksstefnu gerir það að verkum að KLÍ á ekki rétt á afreksstyrkjum frá ÍSÍ. ÞMP mun ræða þetta við Landsliðsnefnd.

Skuldamál félaga innan KLÍ:

Farið var yfir skuldastöðu aðildarfélaga KLÍ og breytingar á stöðu hennar frá síðasta fundi. Skuldir nokkurra félaga við KLÍ er mjög slæm og rætt um að grípa til innheimtuaðgerða ef engin viðbrögð sjást fljótlega. ÞMP mun fylgja málinu eftir.

Fyrirspurn frá KR:

HH spurði hvort greiða þyrfti fyrir liðaskipti ef leikmenn KR-A og KR-C myndu skipta á nöfnum á liðunum. Niðurstaða fundarins var að um venjuleg liðaskipti væri að ræða og greiða þyrfti fyrir þau skv. gjaldskrá KLÍ.

Fundi slitið 19:20 – næsti fundur er óákveðinn.